



Varðveisla og sýning hjúkrunarminja

Skýrsla til stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Febrúar 2003

Ásta Möller, formaður

Aðalbjörg Finnbogadóttir

Bergdís Kristjánsdóttir

Herdís Sveinsdóttir

Pálína Sigurjónsdóttir

Sigprúður Ingimundardóttir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Kynning á störfum nefndarinnar	4
3.	Hvar liggja minjar um hjúkrun?	4
3.1	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	5
3.2	Landspítali háskólasjúkrahús	5
3.3	Árbæjarsafn	5
3.4	Nesstofa	6
3.5	Menntastofnanir	6
3.6	Gudmands Minde á Akureyri - hugmyndir um heilbrigðisminjasafn	7
3.7	Hugmyndir um minjasafn hjúkrunar í Vestmannaeyjum	7
3.8	Lyfjafræðisafnið á Seltjarnarnesi	8
4.	Minjasöfn um hjúkrun erlendis	9
4.1	Hjúkrunarminjasafnið í Kolding í Danmörku	9
4.2	Safn Florence Nighingale í London	9
4.3	Minjasafn Alþjóðasambands Rauðakrossfélaga í Genf	10
5.	Minjasafn um hjúkrun – nokkrir kostir	11
5.1	Vífilsstaðir	11
5.2	Árbæjarsafn - Líknarhúsið	12
5.3	Nesstofa á Seltjarnarnesi	12
5.4	Gudmands Minde á Akureyri	13
6.	Niðurstaða starfs minjanefndar	14
	Fylgirit 1	17

1. Inngangur

Í byrjun árs 2000 skipaði stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sögu- og minjanefnd. Nefndinni er ætlað það hlutverk að skoða og ákveða á hvern hátt megi skrá og varðveita sögu hjúkrunar á Íslandi, svo og að leita leiða til að safna saman og varðveita minjar sem tengjast hjúkrun, með það í huga að stofnsetja minjasafn hjúkrunar.

Í nefndinni eiga sæti Ásta Möller, sem er formaður nefndarinnar, Þorgerður Ragnarsdóttir, Vilborg Ingólfssdóttir, Kristín Björnsdóttir, Sigbrúður Ingimundardóttir og Herdís Sveinsdóttir. Ritari nefndarinnar er Aðalbjörg Finnbogadóttir.

Ritun íslenskrar hjúkrunarsögu er komin í ákveðinn farveg og er ekki fjallað um þann þátt nefndarinnar í þessari skýrslu. Hér verður gerð grein fyrir þeim störfum nefndarinnar sem lýtur að möguleikum á stofnun minjasafns hjúkrunar. Af nefndarmönnum hafa Ásta Möller, Sigbrúður Ingimundardóttir og Herdís Sveinsdóttir auk Aðalbjargar Finnbogadóttur sérstaklega komið að þessum þætti nefndarstarfsins og fengið til liðs við sig þær Pálínu Sigurjónsdóttur, formann öldungadeildar félagsins, og Bergdís Kristjánsdóttur en hún hefur setið í minjanefnd Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH). Guðrún Margeirsdóttir sótti einn fund nefndarinnar í forföllum Pálínu Sigurjónsdóttur.

Sá hluti nefndarinnar sem fæst við varðveislu hjúkrunarminja hóf störf haustið 2001 og hélt átta bókaða fundi. Nefndarmenn fóru í vettvangsferðir í Árbæjarsafn og geymslur safnsins við Vitastíg í Reykjavík, á Vífilsstaðaspítala og í Nesstofu, lækningaminjasafn Þjóðminjasafns Íslands og ræddu við starfsfólk á þessum stöðum. Einnig skoðaði nefndin muni sem eru varðveittir á lofti gamla Landspítala og í geymslum í Eirbergi, auk muna sem liggja hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Nefndin hélt fund með Mörgu Thome, formanni stjórnar hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands, Önnu Stefánsdóttur hjúkrunarforstjóra LSH og Margréti Jóhannsdóttur, hjúkrunarfræðingi sem á sæti í minjanefnd LSH. Auk þess leitaði nefndin upplýsinga víða með samtölum eða öðrum hætti hjá ýmsum aðilum, m.a. hjá Sigurbirni Sveinssyni, formanni, og Gunnari Ármannssyni, framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands og Margréti Guðjónsdóttur, hjúkrunarforstjóra Heilsugæslunnar á Akureyri vegna Guðmands Minde, og Kristínu Einarsdóttir vegna Lyfjafræðisafnsins, en hún er formaður safnstjórnar. Einnig fengust upplýsingar frá hjúkrunarfræðingunum Guðnýju Bogadóttur og Eydísi Ósk Sigurðardóttur í Vestmannaeyjum varðandi hugmyndir um hjúkrunarminjasafn í Eyjum. Nefndin leitaði ráða hjá Þóri Magnússyni, fyrrverandi þjóðminjaverði. Öllum þessum og fleiri ónefndum eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. Kynning á störfum nefndarinnar

Starf nefndarinnar var sérstaklega kynnt á fundum öldungadeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2001 og 2002, á félagsráðsfundi félagsins 2002 og grein var birt í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 5. tbl. 77. árg. 2001, þar sem störf nefndarinnar voru kynnt. Formaður nefndarinnar og formaður félagsins rituðu einnig bréf til allra hjúkrunarforstjóra heilbrigðisstofnana á landinu þar sem leitað var liðsinnis þeirra að varðveita og safna hjúkrunarminjum og leitað eftir að félagið fengi þær til eignar (sjá fylgirit 1).

3. Hvar liggja minjar um hjúkrun?

Á flestum heilbrigðisstofnunum er hjúkrunarminjum haldið til haga. Sums staðar liggja þær í geymslum en í fæstum tilvikum hafa þær verið skráðar. Víða á heilbrigðisstofnunum er hjúkrunar- og lækningaminjum stillt upp til sýnis, t.d. í glerskápum. Bæði er slíkt til prýði, en einnig hafa þær gildi sem sögulegar minjar um starfsemi stofnananna áður fyrr. Það á t.d. við í Heilsugæslunni á Akureyri, Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki og Sjúkrahúsinu á Akranesi.

Nefndin ritaði öllum hjúkrunarforstjórum á landinu bréf þar sem þeir eru kallaðir til liðs við nefndina. Í erindi til þeirra sagði m.a.: „Nefndinni er kunnugt um að víða á heilbrigðisstofnunum landsins liggja munir er telja má til hjúkrunarminja, sem ekki nýtast neinum í dag, en hafa sögulegt gildi. Hætta er á að þessir munir glatist, ef ekki er að þeim hugað sérstaklega. Það er því ósk minjanefndar og stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarforstjórar gefi nefndinni upplýsingar um slíka muni á stofnunum sínum m.a. til að fá hugmyndir um hvað er til, svo og sem grunn að skráningu þeirra í framtíðinni. Jafnframt óskar minjanefnd og stjórn félagsins eindregið eftir að fá þessa muni til eignar, ef unnt er, með það að markmiði að koma þeim á væntanlegt hjúkrunarminjasafn.“

Nokkur viðbrögð urðu við erindi þessu og áskotnaðist félaginu m.a. forlata skápur sem nú hýsir hjúkrunarminjar í húsnæði félagsins. Jafnframt er minjanefnd kunnugt um að bréfið hafi orðið til þess að hjúkrunarforstjórar hafa athugað hvað er til af slíkum munum, m.a. í þeim tilgangi að stilla þeim upp til sýnis í húsnæði viðkomandi heilbrigðisstofnana.

Hjúkrunarminjum hefur einnig verið haldið til haga á söfnun hérlandis svo og á menntastofnunum sem tengjast hjúkrunarfræði- og sjúkraliðanámi.

Í þessum kafla er greint frá upplýsingum sem nefndin aflaði sér um varðveislu hjúkrunarminja. Nefndin fór í vettvangsferðir á heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir og söfn þar sem vitað er að hjúkrunarminjar eru varðveittar og skipulögð söfnun hefur farið fram. Þá er gerð grein fyrir hugmyndum um stofnun minjasafna á þessu sviði á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Einnig er sagt frá Lyfjafræðisafninu á Seltjarnarnesi en það safn hefur alfarið verið rekin af lyfjafræðingum sem sjálfseignastofnun.

3.1 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Í húsnaði félagsins eru varðveittir hjúkrunarmunir, bæði í glerskápum til sýnis og í geymslum. Gegnum tíðina hafa eldri hjúkrunarfræðingar og skyldmennir þeirra sýnt félaginu velvild og ánafnað því gömlum munum er tengjast hjúkrunarstarfinu, hjúkrunarbúningum, bókum og eldri árgöngum Tímarits hjúkrunarfræðinga. Ekki liggur fyrir heildstæð skráning á þessum munum. Nýlega áskotnaðist félaginu t.d. gamalt hjól sem notað var við heimahjúkrun á vegum Hjúkrunarfélagsins Líknar. Gamlir hjúkrunarbúningar hafa verið lánaðir við ýmis tækifæri, en nýverið var tekin ákvörðun um að slíkt yrði ekki gert í framtíðinni nema í sérstökum tilvikum.

3.2 Landspítali háskólasjúkrahús

Nefndin skoðaði hjúkrunarminjar sem eru varðveittar á Landspítala-háskólasjúkrahúsi við Hringbraut og á Vífilstöðum, en Bergdís Kristjánsdóttir hefur sérstaklega haldið utan um þessa muni, sem nefndarmaður í minjanefnd sjúkrahússins. Hjúkrunarmunir eru nú m.a. varðveittir í herbergi undir súð í gömlu byggingu sjúkrahússins og á Vífilstöðum. Jafnframt er vitað til þess að hjúkrunarmunir af ýmsu tagi eru varðveittir á Kleppi, Landakoti og Landspítala við Fossvog, áður Borgarspítala. Ekki liggur fyrir ákvörðun um hvað gert verður við þessa muni í framtíðinni, en ný minjanefnd LSH, sem verður skipuð í byrjun árs 2003, mun gera tillögur í þeim efnum til framkvæmdastjórnar.

Nefndin skoðaði jafnframt Vífilstaðaspítala, en stefnt er að því að flytja alla starfsemi á vegum LSH í annað húsnaði. Ákvörðun hefur verið tekin um að nýta sjúkrahúsið undir starfsemi fyrir aldraða. Byggingin sjálf og innréttingar á Vífilstaðaspítala hafa að nokkru verið varðveittar og margar í upprunalegu horfi. Vífilstaðir hafa sterka tilvísan í sögu heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Í gamla fjósinu, haughúsinu og hlöðunni á Vífilstöðum er þó nokkuð um gamla muni sem minjanefnd spítalans hefur komið þar fyrir til varðveislu. Þar er t.d. að finna lyfjaskápa, inkúbatora, sjúkrarúm o.fl. Munir, sem varðveittir eru á Vífilstöðum, eru skráðir.

3.3 Árbæjarsafn

Nefndin heimsótti Árbæjarsafnið og hitti þar Helga Sigurðsson, deildarstjóra munadeildar. Á Árbæjarsafni er Líknarhúsið varðveitt, en það hús er mikilvægt í sögu íslenskrar hjúkrunar. Líkn ber nafn Hjúkrunarfélagsins Líknar sem rak Berklavarnastöð félagsins í húsinu á árunum 1941-1956 þegar starfsemin var flutt í Heilsuverndarstöðina. Það var staðsett við hlið Alþingishússins að Kirkjustræti 12 en var flutt á Árbæjarsafn árið 1973. Það var hlaðið úr múrsteinum 1848 en timburhæð byggð ofan á húsið 1884. Húsið er friðað frá 1990.

Í Líkn á Árbæjarsafni hafa verið haldnar einstaka sýningar, t.d. leikfangasýning sem var samvinnuverkefni safnsins og Félags leikskólakennara en félagið lagði m.a. safninu til fjármagn til að skrá leikfangasafn í eigu safnsins.

Að öðru leyti eru ekki margir munir á safninu sem tengjast hjúkrun sérstaklega. Þó eru þar varðveittar gamlar lækna- og ljósmæðratöskur, nokkuð af eldri röntgentækjum frá Heilsuverndarstöðinni og gömul rúm sem eru í geymslu safnsins við Vitastíg. Starfsfólk Árbæjarsafns lýsti miklum áhuga á samstarfi við félagið varðandi varðveislu, skráningu og uppsetningu sýninga, t.d. í Líknarhúsinu, sem tengjast hjúkrun.

3.4 Nesstofa

Nefndin heimsótti lækningaminjasafnið í Nesstofu og geymsluhúsnæði safnsins sem er þar rétt hjá og hitti m.a. þær Sigurborgu Hilmarsdóttur og Gyðu Gunnarsdóttur. Vel er búið að gripum safnsins. Margir munir, sem tengjast hjúkrun, eru geymdir þar þótt nafn safnsins sé tengt lækningaminjum.

Nesstofa var aðsetur fyrsta landlæknis á Íslandi, byggð á árunum 1761-63. Fyrsti vísir að lækningaminjasafni myndaðist árið 1940 þegar eignir læknadeildar voru fluttar úr Alþingishúsinu í hús Háskóla Íslands. Prófessor Jón Steffensen hafði umsjón með safninu frá upphafi. Í ágúst 2000 afhenti Læknafélag Íslands Þjóðminjasafninu geymsluhúsnæði fyrir safnið að verðmæti um 34 milljónir króna sem keypt var fyrir erfðafé Jóns Steffensen sem var í vörslu Læknafélagsins. Auk þess afhenti félagið rúmlega 10 milljónir króna til safnsins af sama erfðafé og 2 milljónir frá félaginu sjálfu. Jón Steffensen arfleiddi Læknafélag Íslands að tilteknum eignum sínum og var gjöfin bundin þeim skilyrðum að fénu skyldi varið óskiptu til frágangs og innréttingar á framtíðarhúsnæði fyrir muni Nesstofusafnsins í þeim útihúsum Nesstofu sem ríkið hafði keypt í þeim tilgangi. Skyldi eignunum að öðru leyti varið til hagsbóta fyrir Nesstofusafn eftir viðhorfum sem fram komu í bréfi Jóns til menntamálaráðherra árið 1972.

Nesstofusafni berst mikið af gjöfum, bæði frá heilbrigðisstofnunum og einstaklingum, og á safnið nú um tíu þúsund muni.

Nesstofa er engan veginn fullbúin en á vegum Þjóðminjasafnsins liggja fyrir innanhústillögur um framtíðaruppbyggingu safnsins.

Á núverandi sýningu í Nesstofu er eitt herbergi tileinkað holdsveiki á Íslandi og Holdveikraspítalanum í Laugarnesi og eru þætti hjúkrunar í þeirri sögu landsins gerð verðug skil. Byggist það ekki síst á að saga holdsveiki á Íslandi hefur að einhverju leyti verið skráð.

3.5 Menntastofnanir

Nefndin skoðaði muni sem eru varðveittir í Eirbergi, en þeim er nú komið fyrir í geymslum, m.a. við verknámsstofu í kjallara. Þar eru t.d. hjúkrunarbúningar og ýmis eldri áhöld sem tengjast hjúkrun auk gamalla námsbóka. Þá er nefndinni kunnugt um að hjúkrunarminjar eru varðveittar í Fjölbrautaskólanum í Ármúla í tengslum við sjúkraliðabraut skólans.

3.6 Gudmands Minde á Akureyri - hugmyndir um heilbrigðisminjasafn

Gudmands Minde á Akureyri er í elsta bæjarhluta Akureyrar. Það er fyrsta húsnæði spítala á Akureyri, byggt á árunum 1835-36 en notað sem spítali á árunum 1872-1899. Nafn hússins er dregið af því að Friðrik Gudmann kaupmaður keypti húsið árið 1872 með það fyrir augum að gefa Akureyrarbæ það undir spítala. Kostaði hann endurbætur á húsinu og afhenti það bænum fullbúið. Eftir að spítalarekstur var aflagður í húsinu var það í einkaeign þar til Akureyrarbær eignaðist húsið á árinu 1994. Á því ári gerðu Akureyrarbær, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Læknafélag Akureyrar, Norðausturlands-deild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Minjasafnið á Akureyri með sér samstarfssamning um kaup og endurbyggingu á húsinu, en Akureyrarbær er eigandi hússins. Frá árinu 1995 hafa staðið yfir viðgerðir á húsinu sem hafa verið fjármagnaðar m.a. með fé frá húsafriðunarsjóði ríkisins og Akureyrar, auk styrkja frá Læknafélagi Íslands og Akureyrar upp á um 3,5 milljónir króna og frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Norðausturlandsdeild félagsins upp á tæplega 0,6 milljón króna.

Húsfélag Gudmands Minde sér um endurgerð hússins. Í húsfélaginu eiga sæti tveir hjúkrunarfræðingar og tveir læknar, tilnefndir af félögunum, og formaður nefndarinnar sem er minjasafnsvörður, tilnefndur af Akureyrarbæ. Markmið húsfélagsins er að standa fyrir viðgerðum á húsinu og að þeim loknum koma upp sýningum um sögu sjúkrahúss, lækninga og hjúkrunar á Akureyri og Eyjafirði auk félagsaðstöðu fyrir svæðisfélögin tvö. Framreiknuð kostnaðaráætlun frá 1998 gerir ráð fyrir að heildarkostnaður verði 27 milljónir króna, en þegar hefur verið framkvæmt fyrir 16,5 milljónir króna. Á fjárlögum 2003 er 2 milljónum króna veitt til endurbyggingar á húsinu.

Fyrirhugað er að í húsinu verði tvískipt starfsemi. Á efri hæð verður skrifstofu og félagsaðstaða fyrir svæðisfélögin tvö auk sýningarrýmis en þar verður ein stofa útbúin sem sjúkrastofa í líkingu við þá sem forðum var í húsinu. Á neðri hæð hússins verður sett upp sýning á munum úr sögu lækninga- og hjúkrunar auk þess sem í einu rými verður komið upp apóteki. Félögin hafa tekið að sér að sjá um reksturinn á húsinu sjálfu en ekki safninu. Auk fjárframlaga hafa félögin lagt fram sjálfboðavinnu sinna félagsmanna, t.d. málningarvinnu.

Alveg á eftir að teikna upp safnið en rætt hefur verið um að það verði eitt af söfnum Akureyrar. Stefnt er að því að ljúka endurbótum á húsinu árið 2004 og á árinu 2005 verði opnaðar sýningar í húsinu í tilefni af 170 ára afmæli hússins og 130 ára sögu spítala á Akureyri. Þessi áform eru þó háð framkvæmdafé.

3.7 Hugmyndir um minjasafn hjúkrunar í Vestmannaeyjum.

Heilbrigðissaga Vestmannaeyja er sérstök fyrir ýmsar sakir. Við Skansinn í Vestmannaeyjum er varðveitt hús sem talið er að sé fyrsta fæðingarheimili í landinu og nefnist það Landlyst. Húsið hefur verið gert upp og gert að safni. Nú eru þar m.a. geymdir og sýndir munir sem tengjast heilbrigðissögu Vestmannaeyja. Í Eyjum fór

fram fyrsta skipulagða krabbameinsleit fyrir konur í landinu að frumkvæði hjúkrunarkvenna á staðnum. Unnu þær það starf í sjálfböðavinnu um langt árabíll. Á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja eru varðveittar ýmsar minjar sem tengjast starfi sjúkrahússins, s.s. gömul lækningatæki, og starfi Vestmannaeyjadeildar hjúkrunarfræðinga og eru myndir og fundagerðir þar á meðal.

Vestmannaeyjadeild hjúkrunarfræðinga hefur gert samkomulag við bæjarstjórn Vestmannaeyja um að fá til afnota Gömlu villuna sem er gamall starfsmannabústaður fyrir sjúkrahúsið. Þar bjuggu áður fyrr hjúkrunarkonur og starfsstúlkur og eru margar munnmælasögur tengdar bústaðnum. Gamla villan stendur á lóð Ráðhússins sem áður var Sjúkrahús Vestmannaeyja. Hjúkrunarfræðingar í Vestmannaeyjum hafa afnot af húsnæðinu fyrir starfsemi svæðisdeildarinnar og til fundahalda. Gerðar hafa verið endurbætur á húsnæðinu á vegum bæjarfélagsins en einnig hafa hjúkrunarfræðingar lagt til eigin vinnu endurgjaldslaust. Vinna við endurbætur á húsinu á enn langt í land. Hugmyndir eru uppi um að nýta húsnæðið jafnframt sem minjasafn þar sem varðveittur verði hluti af þeim minjum um hjúkrun í Eyjum sem til eru á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Vestmannaeyjadeild félagsins vinnur að því að varðveita þannig sögu hjúkrunar í Eyjum á einum stað.

3.8 Lyfjafræðisafnið á Seltjarnarnesi

Lyfjafræðisafnið er sjálfseignarstofnun með eigin stjórn og með eigin fjárhag. Það er í eigu Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Safnið er staðsett rétt hjá Nesstofusafni. Það var formlega stofnað og því sett skipulagsskrá 1984 en áður hafði starfað sameiginleg minjanefnd Lyfjafræðingafélagsins og Apótekarafélags Íslands frá 1978.

Í byrjun átti safnið nokkra muni og hafði aðstöðu í kjallaraherbergi að Öldugötu 4 þar sem félög lyfjafræðinga höfðu skrifstofur. Eftir stofnun safnsins var farið að vinna að því að finna hentugt húsnæði fyrir safnið. Keypt voru útihús, fjós og hlaða í Nesi við hlið Nesstofu, þeim breytt og viðbygging reist. Byggingarsaga hússins er allmerkileg því safnið átti við stofnun hvorki peninga né hafði það fastar tekjur. Tveir fyrrverandi lyfsalar, lyfjafræðingar, félög og stofnanir lyfjafræðinga svo og fyrirtæki í eigu þeirra lögðu fram fé til framkvæmdanna. Þá lögðu lyfjafræðingar sjálfir fram ómælda vinnu við húsbygginguna. Á árinu 1992 fluttu félög lyfjafræðinga í húsið og greiddu Lyfjafræðisafninu húsaleigu. Leigan stóð undir rekstarkostnaði hússins, þ.e. rafmagni, hita og tryggingum.

Safnið var formlega opnað 1994 en þó var það ekki opnað almenningi fyrr en sumarið 1996 og hefur síðan verið opið frá 15. maí til 1. september á sama tíma og Nesstofusafn. Við breytingu á lyfjalögum 1996 var Lyfsölusjóður lagður niður og féll 1/3 hluti hans til Lyfjafræðisafnsins. Sá sjóður hefur gert safninu kleift að bæta öryggisbúnað hússins og koma því í endanlegt horf ásamt því að greiða laun safnvarða á auglýstum sýningartíma. Öll vinna við hreinsun og flokkun á safnmunum, skráning ásamt uppsetningu sýninga hefur verið unnin í sjálfböðavinnu.

4. Minjasöfn um hjúkrun erlendis

Hér er greint frá þremur ólíkum erlendum söfnum þar sem hjúkrun, hjúkrunarfræðingar og hjúkrunarminjar koma við sögu. Þetta er nýstofnað hjúkrunarminjasafn í Kolding í Danmörku, Safn Rauða krossins í Genf og Safn Florence Nightingale í London.

4.1 Hjúkrunarminjasafnið í Kolding í Danmörku

Dansk Sygeplejehistorisk Museum var vígt 27. ágúst 1999 á 100 ára afmæli Dansk Sygeplejeråd. Undirbúningurinn hafði staðið lengi enda vel til vandað. Safnið er staðsett í gömlu berklahæli við Koldingfjörðinn á Jótlandi og er einstakt að allri gerð. Það fyrsta sem mætir manni þegar inn kemur er stofugangur eins og hann tíðkaðist þegar goggunnaröðin byrjaði fremst með yfirlækninum og endaði á hjúkrunarnemanum. Þetta var nákvæmlega svona á Landspítalanum hér áður fyrr og hjúkrunarnemarnir kölluðu það „aftan í oss vaktina“. Þá mættu þeir klukkan sex og fengu að ganga stofugang ef þeir voru duglegir við verkin.

Safnið í Kolding er samsett af ýmsum þáttum. Í fyrsta lagi eru það munir frá gamalli tíð ásamt myndasafni, en einnig er þar eldra skjalasafn félagsins. Skjalasafnið skiptist annars vegar í skjöl tengd félaginu og hins vegar skjöl er geyma persónulegar minjar hjúkrunarfræðinga. Þar má nefna bréfasöfn hjúkrunarfræðinga, viðtöl, prófskírteini, verkefni frá náminu ásamt ýmsu öðru persónulegu. Þar er allt það sem félagið hefur gefið út af kennslubókum og hvers kyns fræðiritum. Safn hjúkrunarnæla er þar en áður fyrr hafði hvert sjúkrahús, skóli og sýsla sína einkennisnælu. Þar er einnig að finna nælur frá öðrum stéttum innan heilbrigðissviðsins.

Sýningarherbergin eru mörg og skipulega uppbyggð. Þar sjáum við dæmigerða sjúkrastofu frá 1930, í öðru herbergi er gengið inn á skurðstofu frá 1950 svo dæmi séu tekin. Í öllum sýningarherbergjunum er síðan tölva þar sem hægt er að fletta upp og fá nánari útskýringar á því sem er í herberginu.

Safnið í Kolding er lifandi safn, ekki eingöngu safn gamalla minja hrúgað í einhvern skáp. Öll uppbygging safnsins ber merki um virðingu fyrir því liðna og störfum þeirra sem á undan gengu.

Heimilisfang er:

Dansk sygeplejehistorisk museum ved Koldingfjord

Fjordvej 152

Kolding

netfang : museum@dshh.dk

4.2 Safn Florence Nightingale í London

Safn Florence Nightingale var opnað 1989 og liggja þar ýmsar minjar og gögn er tengjast lífi og starfi Florence Nightingale, s.s. persónulegir munir, klæði, húsgögn, bækur, bréf og listaverk. Einnig er þar sögusýning um Krímstríðið og ýmislegt er tengist hjúkrun.

Safnið skipuleggur tímabundnar sýningar af ýmsum toga sem tengjast Florence Nightingale, atburðum í lífi hennar og tímabilinu sem hún lifði. Heimsóknir skólabarna eru þó nokkur hluti af starfsemi safnsins.

Sem dæmi um tímabundnar sýningar má nefna nokkra af þeim atburðum sem bar hæst á árinu 2002, en um þá má fræðast á heimasíðu safnsins: www.florence-nightingale.co.uk.

Febrúar-mars: Sýning á hjúkrunarmerkjum frá ýmsum tímum í einkaeigu hjúkrunar- og sagnfræðings.

Mars: Í tilefni af vísindaviku í Bretlandi er sett upp sýning sérstaklega ætluð börnum þar sem mataræði hermanna fyrir og eftir breytingar Florence Nightingale í Krímstríðinu eru til umfjöllunar og sett í samhengi við mataræði barna í nútímanum.

Mars-ágúst: Sýning sem segir sögu níu Lundúnakvenna sem fylgdu Florence Nightingale til Scutari og sumum þeirra fylgt eftir heimkomu. Sýndir eru persónulegir munir í eigu þessara kvenna, heiðursmerki og hjúkrunarbúningar. Sérstök barnasýning sett upp í tengslum við sýninguna.

Maí: Sérstök sýning í tilefni af 12. maí, fæðingardegi Florence Nightingale. Sýndir eru munir sem gerðir voru í tilefni af heimkomu hennar úr Krímstríðinu en þá fögnuðu Bretar hennar sem hetju. Frá þeim tíma liggja söngvar, kvæði, portrettmyndir, stytur og minjagripir sem framleiddir voru af því tilefni. Vinnugögn liggja frammi fyrir 7-14 ára börn til að hjálpa þeim að rannsaka og skilja af hverju hennar er minnst. Jafnframt er þar útbúið skuggamyndasýning þar sem þróun ímyndar hjúkrunarfræðinga kemur við sögu, sett upp í tilefni af afmæli Florence Nightingale, viku hjúkrunar og safnmánuði í Bretlandi.

Júní: Krímstríðinu og lífi Florence Nightingale eru gerð sérstök skil með fyrirlestrum. Sýning á fyrstu útgáfu „Notes on nursing“, bók Florence Nightingale, þar á meðal eintak áritað af henni sjálfri. Vakin er athygli á söngleik sem byggist á lífi hennar og flutt er í leikhúsi í London um miðjan júní.

Ágúst: Gæludýr Florence Nightingale til umfjöllunar og fjölskyldum boðið upp á að gera grímu af uppáhaldsgæludýri sínu.

Þessi upptalning sýnir að hugmyndaflugið eitt takmarkar möguleika á að gera sýningu kringum hjúkrunarminjar áhugaverðar.

4.3 Minjasafn Alþjóðasambands Rauðakrossfélaga í Genf

Safn Rauða krossins í Genf segir sögu Rauða krossins og Rauða hálfmánans frá upphafsmanni félagsins, Henry Dunant, og fram til dagsins í dag. Virðing fyrir mannlífinu er grunnboðskapur samtakanna og er þætti hjúkrunar í starfi Rauða krossins haldið hátt á loft og kemur það ekki síst fram í varanlegri sögusýningu í safninu. Auk Henry Dunant eru þrír einstaklingar sérstaklega nefndir sem boðberar sömu hugsjóna og samtökin standa fyrir og er Florence Nightingale einn þeirra. Við inngang sýningarinnar er þessum þremur sýnd sérstök virðing.

Sýningin er afar fjölbreytt þar sem uppstillingar, skuggamynda- , myndbanda- og myndaspjaldasýningar og minjar af ýmsum toga, s.s. búningar, póstkort, áhöld, bréf og skýrslur auk ýmissa skynjunaráhrifa, s.s. hljóða og lýsingar, raðast saman til að skapa ákveðna stemmningu. Sem dæmi eru settar saman minjar um orrustuna í Solferino sem leiddi til upphafs Rauða krossins, um störf samtakanna í heimsstyrjöldunum tveimur og aðstoð samtakanna við ýmsar aðstæður og átök víðs vegar í veröldinni á seinni hluta síðustu aldar. Þáttur hjúkrunar er ávallt nærri og oft settur í ákveðinn dýrðarljóma. Á það ekki síst við um heimsstyrjaldirnar, en póstkort með hjúkrunarkonum voru þá vinsæl meðal hermanna sem sendu þau heim til fjölskyldna sinna.

Heimasíða Safns Rauða krossins í Genf er www.micr.org.

5. Minjasafn um hjúkrun – nokkrir kostir

5.1 Vífilsstaðir

Á fulltrúafingi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem haldið var 17.-18. maí 2001, var samþykkt tillaga Sigprúðar Ingimundardóttur þess efnis að stjórn félagsins kanni vilja sinna félagsmanna á að kaupa húseignina Vífilsstaði og gera hana að hjúkrunarsetri með margvíslega starfsemi. Tillagan var samþykkt samhljóða. Tillögunni var ekki fylgt formlega eftir að öðru leyti en því að minjanefnd hefur sérstaklega skoðað fýsileika þess að nýta Vífilsstaði undir minjasafn. Hugmyndir hafa verið uppi um að heilbrigðisstéttir tækju sig saman og fengju/keyptu sjúkrahúsið með það í huga að setja þar upp miðstöð félaga heilbrigðisstétta, með ráðstefnusölum, skrifstofum, fræðasetri og minjasafni.

Deleted: ¶

Þótt ekki liggi fyrir upplýsingar um kostnað vegna kaupa á Vífilsstöðum er ljóst að hann er mikill.

Minjanefnd LSH hefur farið fram á það við forstjóra spítalans að gamla læknishúsið á Vífilsstöðum verði notað undir sögu- og minjasafn en niðurstaða hefur ekki fengist í því máli.

Stjórnvöld hafa nú tekið ákvörðun um að Vífilsstaðaspítali verði notaður fyrir öldrunarþjónustu í framtíðinni.

Niðurstaða: Kaup á Vífilsstöðum eru metnaðarfull hugmynd en óraunhæf. Ekki eru líkur á að samstaða náist milli stærstu félaga heilbrigðisstétta um kaup á Vífilsstöðum undir félagsstarfsemi sína. Kostnaður við kaup á Vífilsstöðum yrði félögunum ofviðá og þó að stjórnvöld fengjust til að slá verulega af verðinu, yrði kostnaður við endurnýjun, breytingar og viðhald gríðarlegur. Þá var nefndin sammála um að sterk hefð væri fyrir því að hjúkrunarfræðingar rækju félagsstarfsemi sína sjálfstætt og að ekki væri æskilegt að breyta því.

5.2 Árbæjarsafn - Líknarhúsið

Forsvarsmenn Árbæjarsafns hafa list áhuga á samstarfi við félagið um að setja upp sýningu á hjúkrunarmunum. Herbergjaskipan í Líknarhúsinu er í sinni upprunalegu mynd og afar freistandi að setja upp sýningu til lengri eða skemmri tíma og hafa hliðsjón af innanhúsmyndum sem til eru frá þeim tíma þegar Líkn var þar starfandi. Árbæjarsafn vann fyrir nokkrum árum með fag- og stéttarfélagi á sviði verktækni að sýningu í tilefni af stórafmæli félagsins sem þótti heppnast vel. Safnið lýsti einnig áhuga sínum á samstarfi um skráningu hjúkrunarmuna á svipaðan hátt og það hefur unnið með t.d. Félagi leikskólakennara.

Niðurstaða: Afar skemmtilegt væri að setja upp hjúkrunarsýningu með gömlum minjum í Líknarhúsinu í samvinnu við Árbæjarsafn, t.d. í tilefni af 85 ára afmæli félagsins og í tilefni af því að 10 ár eru frá sameiningu félaga hjúkrunarfræðinga á árinu 2004. Undirstaðan væri t.d. starfsemi Líknar í húsinu á fyrstu áratugum síðustu aldar.

5.3 Nesstofa á Seltjarnarnesi

Í Nesstofu er nú lækningaminjasafn. Saga hússins er fyrst og fremst tengd sögu lækninga á Ísland í hugum almennings þótt sannarlega tengist hún sögu heilbrigðisþjónustu almennt. Arfur Jóns Steffensen, sem Læknafélag Íslands færði Þjóðminjasafni, þegar það tók við rekstri safnsins árið 2000, er grundvöllur að tilvist safnsins. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um frekari uppbyggingu safnsins m.a. með þátttöku Seltjarnarnesbæjar. Öll slík áform bíða þó meðan unnið er að framkvæmdum í Þjóðminjasafninu við Hringbraut. Sú hugmynd, að Nesstofa verði hjúkrunar- og lækningaminjasafn/heilbrigðisminjasafn í framtíðinni, var rædd innan nefndarinnar. Fram kom í viðræðum við forsvarsmenn safnsins að þeir væru jákvæðir gagnvart slíkri hugmynd þar sem slíkt myndi styrkja safnið. Frá sjónarhorni hjúkrunarfræðinga fylgja því hins vegar bæði kostir og ókostir. Á það ber að líta að varla er grundvöllur fyrir að halda úti sjálfstæðu hjúkrunarminjasafni. Ókostur við sameiginlegt hjúkrunar- og lækningaminjasafn er hins vegar augljóslega sá að hjúkrun yrði skoðuð sem viðhengi við lækningar og staðfesti þannig ímynd hjúkrunar í vitund margra. Ekki er vitað um afstöðu lækna að breyta safninu í hjúkrunar- og lækningaminjasafn, en benda má á að læknar hafa dregið sig út úr beinum afskiptum af safninu með afhendingu arfs Jóns Steffensen til Þjóðminjasafnsins.

Þess ber að geta að söfn, sem hýsa minjar sem tengjast sögu heilbrigðisþjónustu á Ísland, lána gjarna milli safna ef svo ber undir.

Niðurstaða: Margt er í óvissu um framtíðaruppbyggingu Nesstofu. Sennilega er skynsamlegt að stefna að einu hjúkrunar- og lækningaminjasafni í framtíðinni, en forsendur fyrir því væru að hjúkrunarminjar fengju jafnt vægi við lækningaminjar.

5.4 Gudmands Minde á Akureyri

Frá árinu 1995 hefur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga verið þátttakandi í uppbyggingu lækninga- og hjúkrunarminjasafns á Akureyri gegnum svæðisdeild félagsins á Norðausturlandi. Safnið yrði í eigu Akureyrarbæjar og rekið af honum. Stefnt er að opnun safnsins á árinu 2005 en þau áform eru háð fjármögnun verkefnisins. Bæði Læknafélag Íslands og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa styrkt verkefnið fjárhagslega. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga kom ekki að ákvörðun um þátttöku á sínum tíma og hefur ekki ályktað formlega um málið með öðrum hætti en þeim að stjórn félagsins ákvað á vinnufundi í maí 2000 að styrkja Gudmands Minde um hálfa milljón króna. Umsókn um frekari styrk til verkefnisins var hins vegar hafnað á stjórnarfundum félagsins 8. apríl 2002.

Eftir að Læknafélag Íslands afhenti Þjóðminjasafninu erfðafé Jóns Steffensen til ráðstöfunar vegna Nesstofu hefur félagið lagt áherslu á uppbyggingu Gudmands Minde sem lækningaminjasafns með sérstökum fjárframlögum. Aðalfundur Læknafélags Íslands 2001 samþykkti m.a. áframhaldandi fjárstuðning til Læknafélags Akureyrar við uppbyggingu lækningaminjasafns í Gudmands Minde á Akureyri allt að einni milljón króna á árinu 2002, að því skilyrði uppfylltu að sama upphæð komi á móti með frjálsum framlögum frá öðrum. Læknafélag Íslands sendi ályktun aðalfundarins til Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga með ósk um að hún yrði kynnt félagsmönnum.

Samkvæmt upplýsingum, sem barst minjanefnd frá fulltrúa hjúkrunarfræðinga í húsnefnd, Margréti Guðjónsdóttur, vantaði um 10,5 milljónir króna til að ljúka endurbyggingu hússins um síðustu áramót, en þess má geta að Alþingi veitti tvær milljónir króna til verkefnisins á fjárlögum 2003 og Læknafélag Íslands hefur nýverið afhent þá einu milljón króna sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 2001.

Niðurstaða: Stefnt er að opnun lækninga- og hjúkrunarminjasafns í Gudmands Minde – gamla spítalanum á Akureyri á árinu 2005 en það er þó háð fjármögnun við endurbyggingu hússins. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur styrkt endurbygginguna fjárhagslega sem og Læknafélag Íslands. Hjúkrunarfræðingar norðan heiða hafa jafnframt lagt verkefninu lið með ýmsum hætti, m.a. með sjálfböðavinnu. Akureyrarbær mun reka safnið en gert er ráð fyrir að félögin sjái um rekstur á húsinu sjálfu. Rétt er að ljúka þessu verkefni, m.a. með stuðningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, enda feli það ekki í sér skuldbindingu til framtíðar um fjármagn til reksturs safnsins frá félaginu. Læknafélag Íslands hefur lýst áhuga á samstarfi við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um verkefnið.

6. Niðurstaða starfs minjanefndar

Það er álit sérfræðinga, sem nefndin ráðfærði sér við, m.a. Þór Magnússon fyrrverandi þjóðminjavörð, að söfn á Íslandi beri sig ekki fjárhagslega. Sömu sögu hefur Félag danskra hjúkrunarfræðinga (Dansk sygeplejeråd) að segja en rekstur glæsilegs minjasafns hjúkrunar á Jótlandi, sem stofnsett var í tilefni af 100 ára afmæli félagsins, er afar kostnaðarsamur. Sérfræðingar hafa því ráðlagt félaginu að hafa samvinnu við önnur félög, t.d. lækna, um stofnun heilbrigðissafns og að settar verði upp litlar sýningar í einu og skipt oftár. Hægt væri að leggja áherslu á eitt viðfangsefni í hverri sýningu.

Minjanefnd leggur til við stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að:

1. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga óski eftir samstarfi við Árbæjarsafn um uppsetningu á sögu- og minjasýningu um hjúkrun. Líknarhúsið verði miðpunktur sýningarinnar, en húsið tengist hjúkrun órjúfanlegum böndum í hugum þeirra sem til þekkja. Einnig mætti nota önnur hús í safninu til að skapa fjölbreytni. Sýna mætti heilbrigðisástand bæjarbúa í byrjun síðustu aldar, m.a. með hliðsjón af búskaparháttum (moldargólf, léleg lýsing, fjölmenni í litlum húsum, skortur á hreinu vatni, frárennslismál o.s.frv.), þegar menntaðar hjúkrunarkonur tóku til starfa í Reykjavík. Stefnt væri að lifandi sýningu sem drægi fram mikilvægi hjúkrunar í heilbrigðisþjónustu fyrri tíma með uppstillingu, myndasýningum, frásögnum o.fl. sem skapaði sterka og jákvæða ímynd af sjálfstæðum störfum hjúkrunarfræðinga fyrir og síðar. Sérstök áhersla verði lögð á að gera sýninguna aðgengilega og skemmtilega fyrir skólabörn. Sýningin verði sett upp á árinu 2004 í tilefni af 85 ára afmæli félagsins og því að 10 ár eru frá sameiningu hjúkrunarfélaganna. Leitað verði eftir fjárstuðningi hjá Reykjavíkurborg og stjórnvöldum og e.t.v. öðrum styrktaraðilum við uppsetningu sýningarinnar.
2. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga styrki uppbyggingu Gudmands Minde á Akureyri fjárhagslega til að ljúka endurbyggingu safnsins svo unnt verði að opna það á árinu 2005. Stjórn félagsins leiti samstarfs við Læknafélag Íslands og þau leiti samninga við Akureyrarbæ um að ljúka endurbyggingu hússins með stuðningi þessara tveggja félaga heilbrigðisstétta svo áætlanir um opnun safnsins standist.
3. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skoði í samráði við minjanefnd félagsins hvort grundvöllur sé fyrir að hjúkrunarminjasafn verði rekið til lengri tíma í samstarfi við eða sem hluti af lækningaminjasafninu í Nesstofu.

4. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga stofni minjanefnd á vegum félagsins, sem verði stjórn til ráðgjafar við framkvæmd ákvarðana fulltrúaþings félagsins um varðveislu og sýningu hjúkrunarminja.
5. Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga ráðist í það verkefni að gera heildstæðan gagnagrunn um hjúkrunarminjar á Íslandi. Á heimasíðu félagsins verði sett inn eyðublað þar sem heilbrigðisstofnanir geta skráð gamla muni sem þeir hafa undir höndum og geta verið til láns ef á þarf að halda. Jafnframt komi félagið sér upp geymsluhúsnæði til að geta tekið við og varðveitt hjúkrunarminjar sem félaginu áskotnast.

Reykjavík, 20. janúar 2003

Ásta Möller, formaður

Aðalbjörg Finnbogadóttir

Bergdís Kristjánsdóttir

Herdís Sveinsdóttir

Sigprúður Ingimundardóttir

Pálína Sigurjónsdóttir

Fylgirit 1

Til hjúkrunarforstjóra heilbrigðisstofnana.

Reykjavík, 10. apríl 2002

Efni: Söfnun minja um hjúkrun

Ágæti hjúkrunarforstjóri.

Á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er starfandi minjanefnd. Hlutverk nefndarinnar er að leita leiða til að safna saman og varðveita minjar sem tengjast hjúkrun með það í huga að stofnsetja hjúkrunarminjasafn.

Í nefndinni eiga sæti, Ásta Möller, sem er formaður nefndarinnar, Bergdís Kristjánsdóttir, Pálína Sigurjónsdóttir og Sigprúður Ingimundardóttir. Þess má geta að Öldungadeild félagsins hefur sýnt málefninu sérstakan áhuga, en Pálína er formaður deildarinnar. Ritari nefndarinnar er Aðalbjörg Finnbogadóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Minjanefnd félagsins hefur m.a. fjallað um mikilvægi söfnunar og varðveislu minja um hjúkrun og vill með bréfi þessu kalla hjúkrunarforstjóra til liðs við sig.

Nefndinni er kunnugt um að víða á heilbrigðisstofnunum landsins liggja munir er telja má til hjúkrunarminja, sem ekki nýtast neinum í dag, en hafa sögulegt gildi. Hætta er á að þessir munir glatist, ef ekki er að þeim hugað sérstaklega. Það er því ósk minjanefndar og stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarforstjórar gefi nefndinni upplýsingar um slíka muni á stofnunum sínum m.a. til að fá hugmyndir um hvað er til, svo og sem grunn að skráningu þeirra í framtíðinni. Jafnframt óskar minjanefnd og stjórn félagsins eindregið eftir að fá þessa muni til eignar, ef unnt er, með það að markmiði að koma þeim á væntanlegt hjúkrunarminjasafn.

Vinsamlega hafið samband við Aðalbjörgu Finnbogadóttur um frekari upplýsingar í síma 540 6400 eða adalbjorg@hjukrun.is.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Herdís Sveinsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Ásta Möller, formaður
minjanefndar Félags íslenskra
hjúkrunarfræðinga